

**Fundur varðandi aðgerðaráætlun Mannréttinda, Nýsköpunar og Lýðræðisráðs (MNL) var haldinn föstudaginn 30. Ágúst 2019.**

*Inngangur*

Sólin skein þennan fallega föstudagsmorgun. Ungabarn hjalaði og kærleikur og umhyggja lá í loftinu er kjörnir fulltrúar og starfsfólk kom sér fyrir í sætum sínum. Dagskráin hófst með léttum morgunæfingum í boði Halldóru Björns á Rás1 ásamt stuttum kynningum frá hverjum og einum.

Kjörnir fulltrúar ásamt starfsfólki Þjónustu og Nýsköpunarsviðs (ÞON) lagðist í hugmyndavinnu til að leggja drög að nýrri aðgerðaráætlun ÞON. Þátttakendur voru beðnir um að hnipra niður á miða allar áherslur og áskoranir Reykjavíkurborgar sem snúa sérstaklega að nýsköpun og þjónustu. Í kjölfarið af því var haldin lýðræðislega kosning í hljóði þar sem þátttakendur forgangsröðuðu þeim miðum sem ætti að leggja mesta áherslu á. Því næst voru miðarnir teknir saman og settir í ákveðna flokka þar sem þátttakendur fengu tækifæri til að setja niður næstu skref.

Flokkarnir og næstu skref má sjá hér að neðan:

*(Flokkar eru tilgreindir í feitletruðu og næstu skref eru dreginn inn)*

**Aðgengi og þjónusta**

Sjálfvirk og framvirk þjónusta

Þjónustuveiting sjálfkrafa eftir því sem við á

Upplýsingar um þjónustu borgarinnar séu sýnilegar og aðgengilegar hvað varðar t.d. Tungumál og þess háttar.

- Fá fjármagn

**Notendasamráð**

Fólk með reynslu af þjónustuveitingu spurt að álitum og komi að stefnumótun

- Rýnihópar skipulagðir
- Samráðs vettvangur

**Framlína**

Sameinuð framlína

- Greina framlinuþjónustu a þjónustumiðstöðvum
- Finna samþættalega snertifleti
- Skref fyrir skref þjalfun og þekkingarmiðlun
- Kortlagning ferla

## **Nýsköpun**

Nýsköpunarteymi inná hvert svið

- Samstaða / Samþykki - Top down nálgun
- Fjármagn - mannauður og forgangur
- Skipulagður samstarfsvettvangur
- Þjálfun og fræðsla / markaðssetning

Fjárheimildir til nýsköpunar og snjallborgar (áskorun)

## **Samstarf**

Tengjast betur við Háskólasamfélagið

- Ýta á eftir grósku og kortleggja kosti

Aukið samstarf við opinberar stofnanir varðandi þjónustuveitingu

## **Rafrænar umsóknir**

Rafrænar umsóknir SFS

Gegnsæ ferli líkt og hjá Dominos

Koma öllum umsóknum í rafrænt ferli (pappírslaust)

- Samtal við sviðin + kortlagning
- Pólítískur vilji, breytingastjórnun og fjármagn
- USK verkferlar og upplýsingagjöf

Staða á framkvæmdum (kort)

Foreldrar geti séð og valið úr lausum plássum á vef RVK

Ráða hugbúnaðarteymi

Færa PDF skjöl úr RR yfir í FormBuilder

## **Umhverfi**

Fjölga djúpgámum

Þjóða uppá við að eyða veggjakroti

- Fá fjármagn til að eyða veggjakroti

## **Gögn**

Nýta gögn til að taka ákvarðanir

- Gera gögn sýnilegri svo fleiri geti nýtt þau
- Hvar þarf mögulega að breyta einhverju varðandi frístundarstarfsemi
- Kyngreindar upplýsingar - hvað eru þær mögulega að sýna okkur?
- Afhverju nýtir fólk ekki samgöngustyrk?

Undirbúa gagnasjá Reykjavíkur og hefja innleiðingu

- Tryggja fjármagn

Listinn hér að ofan er ótæmandi og má dýpka frekar þegar aðgerðaáætlunin verður unnin.



